

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1410/2003

2008/EES/68/47

frá 7. ágúst 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003⁽²⁾, einkum 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2244/2002⁽⁴⁾, er mælt fyrir um takmarkanir og tiltekin skilyrði fyrir notkun tiltekinna efna sem heimiluð eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið í vínframleiðslu og prófunaraðferðum skal breyta gildnum fyrir L-askorbínsýru og næringarsöltin dífammóníumfosfat eða ammóníum-súlfat sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000.
 - 2) Í 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 er kveðið á um samþykkt forskrifta fyrir hreinleika og auðkenni efna sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluaðferðir. Þegar hefur verið mælt fyrir um forskriftir fyrir mörg þessara efna í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB frá 2. desember 1996 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/82/EB⁽⁶⁾, þar sem sett eru strangari skilyrði varðandi pólývínýlpólýpýrrólídón en kröfurnar og hreinleikaskilyrðin í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000. Af þessum sökum skal lárétta löggjöfin, sem mælir fyrir um hreinleikaskilyrði fyrir aukefni í matvælum, látin gilda í vingeiranum og V. viðauki skal felldur niður.
 - 3) Í vínræktarhéruðunum á vínræktarsvæði A, sem eru talin upp í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1622/2000, hefur opinberu heiti héraðsins „Rheinpfalz“ verið breytt í „Pfalz“. Því ber að nota hið nýja heiti héraðsins í þeirri grein.
- 4) Ítölsk gæðavín f.t.h. sem mega bera upprunaheitið Colli orientali del Friuli ásamt heitinu „Picolit“ innihalda meira magn sykurleifa en 5 grömm á lítra og til að þau geti haldið gæðum sínum við geymslu þarf að bæta í þau meira brennisteinsdíoxíði en almennu 260 mg/l mörkin segja til um en þó ekki meira en 300 mg/l. Því ber að bæta þessum vínnum á skrána í XII. viðauka.
 - 5) Framangreind gæðavín f.t.h. með heitinu Colli orientali del Friuli ásamt heitinu „Picolit“ eru framleidd með sérstökum aðferðum og heildaralkóhólstyrkleiki þeirra er hærri en 13% miðað við rúmmál og innihald rokgjarnrar sýru er að jafnaði yfir mörkunum, sem mælt er fyrir um í B-hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, en þó lægra en 25 millíjafngildi á lítra. Því ber að bæta þessum vínnum á skrána í XIII. viðauka.
 - 6) Í reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er kveðið á um að venjulegu greiningaraðferðirnar, sem lýst er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2676/90 frá 17. september 1990 um að ákveða aðferðir Bandalagsins við víngreiningu⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 440/2003⁽⁸⁾, falli úr gildi 1. ágúst 2003. Ýmsar af þessum venjulegu greiningaraðferðum gangast nú undir tæknilegt og vísindalegt mat og fullgildingarrannsókn á samkvæmni þeirra og nákvæmni með það fyrir augum að þær verði viðurkenndar sem tilvísunaraðferðir. Þar sem þeirri vinnu er ekki lokið skal fresta dagsetningunni þegar tiltekin ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2676/1990 falla úr gildi um tvö ár til viðbótar meðan beðið er lokaniðurstöðu yfirstandandi rannsókna.
 - 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 201, 8.8.2003, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 39.

(1) Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

(3) Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

(4) Stjtið. EB L 341, 17.12.2002, bls. 27.

(5) Stjtið. EB L 339, 30.12.1996, bls. 1.

(6) Stjtið. EB L 292, 28.10.2002, bls. 1.

Reglugerð (EB) nr. 1622/2000 er breytt sem hér segir:

(7) Stjtið. EB L 272, 30.10.1990, bls. 1.

(8) Stjtið. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 15.

1. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:
„6. gr.
Forskriftirnar um hreinleika og auðkenni efna, sem notuð eru við vínfræðilegar vinnsluáðferðir sem um getur í c-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, skulu vera þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/77/EB. Ef nauðsyn krefur skal bæta við þessi hreinleikaskilyrði sértæku kröfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð.“
2. Í næstsíðasta undirlið 8. gr. kemur „Pfalz“ í stað „Rheinpfalz“.
3. Í stað „1. ágúst 2003“ í 2. mgr. 44. mgr. komi „1. ágúst 2005“.
4. Í stað IV. viðauka komi viðaukinn við þessa reglugerð.
5. V. viðauki falli brott.
6. Í a-lið XII. viðauka bætist eftirfarandi undirliður við á eftir öðrum undirlið:
„—gæðavínin f.t.h. sem mega bera upprunaheitið Colli orientali del Friuli – Picolit,“
7. Í c-lið XIII. viðauka bætist eftirfarandi undirliður við á eftir öðrum undirlið:
„—gæðavínin f.t.h. Colli orientali del Friuli ásamt heitinu „Picolit“,“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Takmarkanir á notkun tiltekinna efna

(5. gr. þessarar reglugerðar)

Hámarksgildin fyrir notkun efnanna sem um getur í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um þar, eru sem hér segir.

Efni	Notað með ferskum þrúgum, þrúgumusti, þrúgumusti í gerjun, þrúgumusti í gerjun fengnu úr létþurrkuðum þrúgum, þrúgumustsþykki og nýju víni enn í gerjun	Notað með þrúgumusti í gerjun sem ætlað er beint til neyslu sem slíkt, víni sem hentar til framleiðslu borðvíns, borðvíni, freyðivíni, loftblönduðu freyðivíni, hálfreyðandi víni, loftblönduðu hálfreyðandi víni, líkjörvíni og gæðavíni f.t.h.
Efnablöndur úr frumuvegg gersvepps	40 g/hl	40 g/hl
Koltvísýringur		hámarksinnihald í víni sem þannig er meðhöndlað: 2 g/l
L-askorbínsýra		250 mg/l; hámarksinnihald í víni sem er þannig meðhöndlað má ekki fara yfir 250 mg/l
Sítrónusýra		hámarksinnihald í víni sem þannig er meðhöndlað: 1 g/l
Metavínsýra		100 mg/l
Koparsúlfat		1 g/hl að því tilskildu að koparinnihald afurðarinnar sem þannig er meðhöndluð fari ekki yfir 1 mg/l
Viðarkol til vínfræðilegrar notkunar	100 g þurrvigt á hektólítra	100 g þurrvigt á hektólítra
Næringarsölt: díammóníumfosfat eða ammóníumsúlfat	1 g/l (gefið upp sem salt (*))	0,3 g/l (gefið upp sem salt) til framleiðslu á freyðivíni
Ammóníumsúlfít eða ammóníumbísúlfít	0,2 g/l (gefið upp sem salt (*))	
Vaxtarþættir: þíamín í formi þíamínhýdróklóríðs	0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín)	0,6 mg/l (gefið upp sem þíamín) til framleiðslu á freyðivíni
Pólývínýlpólýpýrrólídón	80 g/hl	80 g/hl
Kalsíumtartrat		200 g/hl
Kalíumfýtat		8 g/hl
Lýsósím	500 mg/l (**)	500 mg/l (**)

(*) Þessar afurðir má einnig nota í samsetningar, upp að heildarstyrk sem er 1 g/l, með fyrirvara um 0,2 g/l mörkin sem eru sett hér að framan.

(**) Ef því er bætt í bæði must og vín, má heildarmagnið ekki vera meira en 500 mg/l.“